

á leigu, enn á leigu um 5 ár frá 1. janúar 1872 eða þá fyrir skemmri tíma, hefir dómsmálastjórnin leyft, að námurinn sè leigður sækjandanum um 1 ár frá 1. janúar 1872 fyrir 100 rd. afgang.

1871.

9. ágúst.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, útaf uppástungu amtsins í bréfi 16. maí þ. á., og skal því viðbætt, að vèr höfum í dag tilkynnt Túlínus þetta.

**78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtíð.**

9. ágúst.

Útaf bænarskrá, sem barst hingað með bréfi amtsins, dagsettu 18. marzm. þ. á., og þar sem Daniel prófastur Halldórsson sækir um, að sèr verði veitt 14 rd. þóknun fyrir starfa sinn við að semja verðlagsskrárnar fyrir norður- og austuramtíð fyrir árið 1871—72, gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, og svo þèr birtíð það og gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að borga megi prófastinum 10 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins í þessu skyni.

**79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækkun á jarðarafgjöldum.**

10. ágúst.

Í tveimur bréfum, dagsettum 16. júním. þ. á., hafíð þèr, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að þèr samkvæmt uppástungu umbodsmanns Arnarstapaumboðs hafíð leyft, að hálfir Gufuskálar, sem heyra undir nefnt umboð, og jörðin Kálfárvellir, verði hvortveggja bygd frá fardögum 1870 fyrir minna afgang en áður; er afgangið af hálfum Gufuskálum fært niður um 1 vætt (2 rd. 16 sk. eptir verðlagsskránni) og